

Samkomulag um rekstur leikskóla Hnoðraholt

Garðabær, kt. 570169-6109 Garðatorgi 7, Garðabæ hér eftir nefndur verkaupi og Hjallastefna ehf. kt. 540599-2039 Vífilstöðum, Garðabæ hér eftir nefnd rekstraraðili gera með sér samning um starfsemi leikskóla fyrir allt að 40 börn á aldrinum 12-24 mánaða.

1. Starfsemi

Rekstraraðili mun starfrækja leikskóla fyrir börn og mun starfsemin fara fram í húsnæði Hjallastefnunar að Vífilstöðum. Rekstraraðili skuldbindur sig til að útvega öll tilskilin leyfi til starfseminnar.

2. Verkefnið

Í verkefninu felst full og óskipt ábyrgð á framkvæmd faglegs leikskólastarfs (kennsla, uppeldi og sérkennsla) samkvæmt lögum um leikskóla, reglugerðum og *aðalnámskrá leikskóla*.

3. Starfsfólk

Rekstraraðili skal hafa nægjanlegan fjölda starfsfólks samkvæmt lögum og reglugerðum, í samræmi við fjölda barngilda í leikskólanum á hverjum tíma. Hann skal leitast við að fullmanna leikskólann með fagmenntuðu starfsfólki eins og lög og reglugerðir kveða á um.

4. Innritun

Rekstraraðili og verkkaupi gera með sér samkomulag um innritun barna í leikskólann sem innifelur ráðstöfun pláss og gerð dvalarsamninga. Innritun barna er á vegum rekstraraðila í samvinnu við skólaskrifstofu Garðabæjar.

5. Framlag Garðabæjar

Verkkaupi mun greiða rekstraraðila mánaðarleg framlög samkvæmt reglum bæjarins um greiðslur til leikskóla sem ekki eru reknir af Garðabæ. Börn í daggæslu Hnoðrahólts sem höfðu 12 mánaða aldri 1. nóvember 2016 fá einnig greiðslur samkvæmt reglum.

6. Húsnæði

Hjallastefnan leigir húsnæði leikskólans af Garðabæ og greiðir leigu samkvæmt því Rekstraraðili skal leggja til rekstursins allan nauðsynlegan búnað til leikskólans. Hér er átt við allan nauðsynlegan búnað til starfsins svo sem borð, stóla, önnur húsgögn, leikföng og annan lausan búnað. Rekstraraðili skal halda sínum búnaði við og fylgjast með að hann sé ávallt fullnægjandi fyrir starfsemina og endurnýja hann eins og þarf. Allur búnaður er eign rekstraraðila.

7. Tryggingar

Rekstraraðili skal kaupa allar lögbundnar og einnig aðrar viðeigandi tryggingar s.s. ábyrgðar- rekstrar- og slysatryggingar og einnig eignatryggingar vegna eigna og búnaðar rekstraraðila.

8. Eftirlit

Fræðslu- og menningarsvið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins og er verkefnastjóri skóladeildar tengiliður gagnvart rekstraraðila. Rekstraraðili skal skila umbeðnum gögnum er varða starfsemi leikskólans og tengjast reglubundnu eftirliti með starfsemi þess.

9. Bókhald og endurskoðun reikninga

Rekstaraðili skal hafa rekstrar- og bókhaldslegar upplýsingar aðgengilegar fyrir verkkaupa hvenær sem þess er óskað.

10. Gildistími og uppsögn

Gildistími samningsins er frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2020. Í lok þess tíma framlengist samningurinn um þrjú ár enda hafi honum ekki verið sagt upp með a.m.k. eins árs fyrirvara. Samningsaðilar geta óskað eftir endurskoðun á samningi þessum í heild eða einstaka þáttum hans komi til verulegra breytinga á forsendum sem hann byggir á eða vegna breyttra aðstæðna sem ekki var séð fyrir við samningsgerðina. Samþykki báðir samningsaðilar að fram fari endurskoðun á ákvæðum samningsins skal henni lokið innan þriggja mánaða frá því að samþykki um endurskoðun lá fyrir.

Garðabæ,

Fh. rekstraraðila

Fh. Garðabæjar